

Til stjórnar Vísindasjóðs FF og FS

27. október 2015

Ágæta stjórn Vísindasjóðs.

Ekki skal það dregið í efa að stjórn Vísindasjóðs gætir hagsmuna félagsmanna af kostgæfni. Deilur sjóðsstjórnar og KÍ hafa þó óneitanlega haft neikvæð áhrif meðal félagsmanna og ljóst að þjónusta sjóðsins er skert miðað við það sem áður var þegar sjóðurinn var í KÍ húsi.

Félagsmenn geta einungis fengið upplýsingar hjá sjóðnum í gegnum síma þrjá klst í senn tvisvar í viku. Það er nokkuð um það að hringt sé í KÍ hús og óskað upplýsinga um ýmislegt sem tengist sjóðnum, fólk hefur verið að koma þangað með gögn sem áttar sig ekki á því að sjóðurinn er sjálfstæð eining úti í bæ.

Stjórn sjóðsins er einangruð og gæti verið í þéttari samskiptum við starfsmenn og stjórn félags framhaldsskólakennara.

Við erum öll að róa í sömu átt þegar kemur að því að gæta hagsmuna félagsmanna og því sendir stjórn FF stjórn VÍS eftirfarandi tilboð:

- Að umsýsla sjóðsins færist frá Bitruhálsi á skrifstofu FF.
- Að starfsmaður FF verði jafnframt starfsmaður Vísindasjóðs.
- Stjórnir FF og VÍS komi sér saman um eðlilega þátttöku VÍS í launum viðkomandi starfsmanns miðað við umfang starfsins.
- Reikningar og bókhald sjóðsins verði áfram fullkomlega aðskilið öðrum rekstri Kennarasambands Íslands.
- Allur kostnaður við flutning sjóðsins á skrifstofu FF verði greiddur af FF.

Ávinningurinn af þessum breytingum felst í betri samskiptum stjórna FF og stjórnar Vísindasjóðs og sterkari tengingu við félagið. Þannig yrði sjóðurinn opinn félagsmönnum frá 9 til 16 alla daga, félagsmenn gætu komið í hús hvenær sem er og hringt á skrifstofutíma. Starfsmaður væri ávallt til taks að svara spurningum og veita leiðbeiningar.

Við vonum að erindi okkar verði vel tekið og við verðum samstíga um að leita allra leiða til þess að bæta þjónustu sjóðsins við félagsmenn FF og FS:

Virðingarfyllst stjórn félags framhaldsskólakennara,

Guðríður Arnardóttir

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir

Reynir Þór Eggertsson

Guðný Lára Petersen

Helga Helena Sturlaugsdóttir